

Aætlun

43
25. febr.

um III. — VIII. ferð landpóstanna árið 1880.

Póstleiðirnar.	Póststöðvarnar.	Burtfarardagar póstanna.					
		III.	IV.	V.	VI.	VII.	VIII.
I. milli Ísafjarðar og Reykja- víkur. A. frá Ísafirði.	Ísafjörður	21. apríl	2. júní	14. júlí	18. ágúst	27. sept.	8. nóv.
	Vatnsfjörður	22. —	3. —	15. —	19. —	28. —	9. —
	Boer.	23. —	4. —	16. —	20. —	29. —	10. —
	Márskelda.	24. —	5. —	17. —	21. —	30. —	11. —
	Hjarðarholt í Dölum.	25. —	6. —	18. —	22. —	1. okt.	12. —
	Arnarholt í Mýras.	26. —	8. —	20. —	24. —	3. —	14. —
	Hestur.	27. —	8. —	20. —	24. —	3. —	14. —
	Saurboer.	28. —	9. —	21. —	25. —	4. —	15. —
	Mosfell.	28. —	9. —	21. —	25. —	4. —	16. —
B. frá Reykjavík.	Reykjavík	10. maí	19. júní	2. ágúst	3. sept.	20. okt.	4. des.
	Mosfell	10. —	19. —	2. —	3. —	20. —	4. —
	Saurboer	11. —	20. —	3. —	4. —	21. —	5. —
	Hestur	11. —	20. —	3. —	4. —	21. —	6. —
	Arnarholt í Mýras.	12. —	21. —	4. —	5. —	22. —	7. —
	Hjarðarholt í Dölum	14. —	23. —	6. —	7. —	24. —	9. —
	Márskelda	15. —	24. —	6. —	8. —	25. —	10. —
	Boer	16. —	24. —	7. —	9. —	26. —	11. —
Vatnsfjörður	17. —	25. —	8. —	10. —	27. —	12. —	
II. 1. milli Akureyr- ar og Reykja- víkur. A. frá Akureyri.	Akureyri	21. apríl	2. júní	14. júlí	18. ágúst	27. sept.	8. nóv.
	Steinstaðir	22. —	3. —	15. —	19. —	28. —	9. —
	Víðimýri	23. —	4. —	16. —	20. —	29. —	10. —
	Bólstaðarhlöð	23. —	4. —	16. —	20. —	29. —	10. —
	Reykir	24. —	5. —	17. —	21. —	30. —	11. —
	Sveinsstaðir	25. —	6. —	18. —	22. —	1. okt.	12. —
	Lækjamót	25. —	6. —	18. —	22. —	1. —	12. —
	Staðarbakki	26. —	7. —	19. —	23. —	2. —	13. —
	Staður í Hrútafirði	27. —	8. —	20. —	24. —	3. —	14. —
	Arnarholt í Mýras.	29. —	10. —	22. —	26. —	5. —	16. —
	Hestur	29. —	10. —	22. —	26. —	5. —	16. —
Saurboer	30. —	11. —	23. —	27. —	6. —	17. —	
Mosfell	30. —	11. —	23. —	27. —	6. —	18. —	
B. frá Reykjavík.	Reykjavík	10. maí	19. júní	2. ágúst	3. sept.	19. okt.	3. des.
	Mosfell	10. —	19. —	2. —	3. —	19. —	3. —
	Saurboer	11. —	20. —	3. —	4. —	20. —	4. —
	Hestur	11. —	20. —	3. —	4. —	20. —	5. —
	Arnarholt í Mýras.	12. —	21. —	4. —	5. —	21. —	6. —
	Staður í Hrútafirði	14. —	23. —	6. —	7. —	23. —	8. —
	Staðarbakki	15. —	23. —	6. —	8. —	24. —	9. —
	Lækjamót	15. —	24. —	7. —	8. —	24. —	9. —
	Sveinsstaðir	16. —	24. —	7. —	9. —	25. —	10. —
	Reykir	16. —	25. —	8. —	9. —	25. —	10. —
	Bólstaðarhlöð	17. —	25. —	8. —	10. —	26. —	11. —
Víðimýri	18. —	26. —	9. —	11. —	27. —	12. —	
Steinsstaðir	19. —	27. —	10. —	12. —	28. —	13. —	

Póstleiðirnar.	Póststöðvarnar.	Burtfarardagar póstanna.					
		III.	IV.	V.	VI.	VII.	VIII.
II. 2. milli Seyð- isfj. og Akureyr. A. frá Seyðisfirð.	Seyðisfjörður	17. maí	21. júní	26. júlí.	11. sept.	15. okt.	27. nóv.
	Kollstaðir	18. —	22. —	27. —	12. —	16. —	28. —
	Hofteigur	19. —	23. —	28. —	13. —	17. —	29. —
	Grímsstaðir	20. —	24. —	29. —	14. —	18. —	30. —
	Reykjahlöð	21. —	25. —	30. —	15. —	19. —	1. des.
	Grenjaðarstaður	22. —	26. —	31. —	16. —	20. —	2. —
Ljósavatn	22. —	26. —	31. —	16. —	20. —	2. —	
B. frá Akureyri.	Akureyri	4. júní	8. júlí	18. ág.	30. sept.	11. nóv.	20. des.
	Ljósavatn	4. —	8. —	18. —	1. okt.	12. —	21. —
	Grenjaðarstaður	5. —	9. —	19. —	2. —	13. —	22. —
	Reykjahlöð	6. —	10. —	20. —	3. —	14. —	23. —
	Grímsstaðir	7. —	11. —	21. —	4. —	15. —	24. —
	Hofteigur	8. —	12. —	22. —	5. —	17. —	26. —
Kollsstaðir	9. —	13. —	23. —	6. —	18. —	27. —	
III. 1. milli Rvíkur og Prestbakk. A. frá Reykjavík.	Reykjavík	11. maí	21. júní	3. ág.	4. sept.	21. okt.	4. des.
	Hraungerði	12. —	22. —	4. —	5. —	22. —	5. —
	Breiðabólstaður	13. —	23. —	5. —	6. —	23. —	7. —
	Skógar	14. —	24. —	6. —	7. —	24. —	8. —
	Vík	15. —	25. —	7. —	8. —	25. —	9. —
	Mýrar	16. —	26. —	8. —	9. —	26. —	10. —
B. frá Prestbakk.	Prestbakkí	24. maí	5. júlí	15. ág.	17. sept.	8. nóv.	16. des.
	Mýrar	25. —	6. —	16. —	18. —	9. —	17. —
	Vík	26. —	7. —	17. —	19. —	10. —	18. —
	Skógar	27. —	8. —	18. —	20. —	11. —	19. —
	Breiðabólstaður	28. —	9. —	19. —	21. —	12. —	20. —
	Hraungerði	29. —	10. —	20. —	22. —	13. —	21. —
III. 2. milli Prests- bakka og Seyðis- fjarðar A. frá Prestsb.	Prestbakkí	29. maí	5. júlí	12. ág.	27. sept.	6. nóv.	15. des.
	Sandfell	31. —	7. —	14. —	29. —	8. —	17. —
	Kálfafellsstaður	2. júní	9. —	16. —	1. okt.	10. —	19. —
	Bjarnanes	3. —	10. —	17. —	2. —	11. —	20. —
	Stafafell í Lóni	4. —	11. —	18. —	3. —	12. —	21. —
	Djúpivogur	5. —	12. —	19. —	4. —	13. —	22. —
	Höskuldsstaðir	6. —	13. —	20. —	5. —	14. —	23. —
	Arnellsstaðir	7. —	13. —	20. —	6. —	15. —	24. —
	Kollsstaðir	8. —	14. —	21. —	7. —	16. —	25. —
B. frá Seyðisfirð.	Seyðisfjörður	21. júní	26. júlí	11. sept.	15. okt.	27. nóv.	1881 10. jan.
	Kollsstaðir	22. —	27. —	12. —	16. —	28. —	11. —
	Arnellsstaðir	22. —	27. —	12. —	16. —	28. —	11. —
	Höskuldsstaðir	23. —	28. —	13. —	17. —	29. —	12. —
	Djúpivogur	24. —	29. —	14. —	18. —	30. —	13. —
	Stafafell í Lóni	25. —	30. —	15. —	19. —	1. des.	14. —
	Bjarnanes	26. —	31. —	16. —	21. —	3. —	16. —
	Kálfafellsstaður	27. —	1. ág.	18. —	22. —	5. —	18. —
	Sandfell	29. —	3. —	20. —	24. —	7. —	20. —

43 a, Burtfaradagur póstsins frá aðalpóststöðvunum: Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og 25. febr. Prestbakka, er fastákveðinn við þann dag, sem nefndur er í ferðaáætluninni, snemma morguns, þannig, að ekki sje lengur tekið við böggul- og peningasendingum en til kl. 7 kvöldið á undan. Við millistöðvarnar eru tilteknir þeir dagar, er póstarnir mega leggja af stað þaðan í fyrsta lagi, og ber að afgreiða póstinn þenna dag, eða svo fljótt sem unnt er eftir hann.

b, Aukapóstur skal fara frá afgreiðslustaðnum daginn eftir komu aðalpóstsins þangað, og snúa aptur frá endastöðvum aukapóstleiðarinnar svo fljótt, að hann geti náð aptur til fráfarastöðva sinna, áður en aðalpóstur kemur þar í apturleið: en aukapóstar eru þessir:

1. Gullbringusýslupóstur fer frá Reykjavík, daginn eftir komu póstanna um Hafnarfjörð og Kálfatjörn til KEFLAVÍKUR, dvelur sólarhring þar og snýr þá aptur til Reykjavíkur.

2. Barðastrandarsýslupóstur fer frá Bø í Reykhólasveit morguninn eftir að Reykjavíkurpóstur er þangað kominn, vestur að BÍLDUDAL, kemur við á Vatneyri vestur í leið, en á Brjámslæk báðar leiðir, og snýr aptur svo tímanlega, að hann geti náð aðalpóstinum frá Ísafirði í suðurleið hans.

3. Strandasýslupóstur fer daginn eftir komu Reykjavíkurpóstsins að Stað í Hrutafirði þaðan um Borðeyri, Prestbakka, Hrófberg í Steingrímsfirði að KUVIKUM í Reykjarfirði, og snýr aptur svo tímanlega, að hann geti náð norðanpóstinum á Stað í Hrutafirði í suðurleið hans.

4. Snæfellsnessýslupóstur fer frá Hjarðarholti í Dölum daginn eftir komu Reykjavíkurpóstsins þangað um Breiðabólstað á Skógarströnd til STYKKISHÓLMS, fer þaðan út fyrir Snæfellsjökul og kemur við í Ólafsvík og á Búðum, þaðan inn að Rauðkollsstöðum og suður að Staðarhrauni, og síðan vestur í Stykkishólmi, og á að vera kominn aptur að Hjarðarholti í Dölum kvöldið, áður en aðalpósturinn á að leggja á stað þaðan suður í leið.

5. Isafjarðarsýslupóstur fer frá Ísafirði um Holt í Öndurfirði að ÞINGEYRI við Dýrafjörð daginn eftir komu sunnanpóstsins á Isafjörð, og snýr hann aptur svo tímanlega, að hann geti verið kominn á Isafjörð í síðasta lagi kvöldinu fyrir fardag vestanpóstsins þaðan.

6. Skagastrandarpóstur fer frá Sveinstöðum daginn eftir komu Reykjavíkurpóstsins þangað og snýr aptur eftir sólarhringsdvöl á HÓLANESI.

7. Höfðastrandarpóstur fer frá Viðmýri daginn eftir komu sunnanpóstsins þangað um Saúðárkrók út í HOFÓSÓ og snýr aptur eftir sólarhringsdvöl þar.

8. Siglufjarðarpóstur fer frá Akureyri daginn eftir komu sunnanpóstsins og snýr aptur eftir sólarhringsdvöl á SIGLUFIRÐI.

9. Þingeyjarsýslupóstur fer daginn eftir komu Akureyrarpóstsins að Grenjaðarstað, þaðan um Húsavík, Skinnastaði, Presthóla og Raufarhöfn að SAUÐANESI, og snýr aptur eftir tveggja sólarhringadvöl þar.

10. Vopnafjarðarpóstur fer daginn eftir komu Akureyrarpóstsins að Grímsstöðum þaðan um Hof austur á VOPNAFJÖRÐ og snýr aptur til Grímstaða eftir 3 daga dvöl þar.

11. Eskifjarðarpóstur fer frá Kollstöðum daginn eftir að bæði Akureyrarpósturinn og Prestsbakkapósturinn eru þangað komnir, og snýr aptur frá ESKIFIRÐI svo snemma, að hann verði kominn aptur að Kollstöðum kvöldið áður, en aðalpóstarirnir eiga að halda þaðan aptur á leiðinni frá Seyðisfirði til Akureyrar og Prestbakka.

12. Árnessýslupóstur fer frá Hraungerði um Ólafsvelli að REYKJUM á Skeiðum 2 dögum eftir komu póstsins frá Reykjavík, og snýr aptur hið fyrsta að unnt er.

13. Vestmannaeyjapóstur fer frá Breiðabólstað að KROSSI daginn eftir komu póstsins frá Reykjavík, og snýr aptur hið fyrsta að unnt er. Þegar pósttaska kemur frá VESTMANNAEYJUM að Krossi, skal henni komið svo snemma að Breiðabólstað, að hún komist á póstinn frá Prestsbakka til Reykjavíkur.

Landshöfðinginn yfir Islandi. Reykjavík 25. d. febrm. 1880.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.